

RITSTJÓRNIN

HVAÐ ÁTTU VIÐ?

Í fyrsta tölublaði Gáttar hófum við umræðuna um merkingu iðorða á sviði fullorðinsfræðslu. Eins og í öllum öðrum tölublöðum Gáttar munum við velta fyrir okkur nokkrum hugtökum sem varða viðfangsefni Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, FA. Þeir sem þar starfa finna þörf fyrir að hugtök, sem notuð eru í umræðu um fræðslumál fullorðinna, séu skýrt skilgreind. Því höfum við fastan þátt hér í ársritinu Gátt þar sem fjallað er um slík hugtök með það að markmiði að koma af stað umræðum og ná samkomulagi um heppilega og samræmda notkun þeirra iðorða sem notuð eru um hugtökin.

Í þessu tölublaði verður þátturinn með aðeins öðru sniði en hefur verið fram til þessa. Eins og áður eru sett fram ensk iðorð og tillögur að íslenskum þýðingum og skilgreiningum. Í þetta sinn eru öll iðorðin af lista yfir eitt hundrad helstu hugtök um menntun og þjálfun sem CEDEFOP – starfsmenntastofnun Evrópu hefur gefið út á fjölmörgum tungumálum. Listinn er einkum ætlaður fræðimönnum og öðrum sem fást við menntun og mótun menntastefnu. Listinn er ekki tæmandi skrá hugtaka sem eru notuð af sérfræðingum, heldur er honum ætlað að innihalda lykilhugtök sem eru nauðsynleg til þess að bera skynbragð á menntun og þjálfun í Evrópu. FA gegnir því hlutverki að vera vettvangur samstarfs og umræðu um fullorðinsfræðslu og kennslufræði fullorðinna. Innan FA er starfandi hópur sérfræðinga sem stöðugt veitir fyrir sér heppilegri iðorðanotkun og prófar sig áfram með mismunandi iðorð. Þar sem umræður um hugtökin þóttu ekki hafa komist

á nægilegt flug var ákveðið snemma á árinu 2009 að setja á laggjarnar svokallaðan hugtakahóp og bjóða til samstarfs sérfræðingum frá öllum helstu stofnunum sem koma að málefnum. Hópnum var ætlað að skilgreina hugtök sem varða nám og menntun fullorðinna. Í hópnum sátu: Ágústa Þorbergsdóttir frá málræktarsviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Björg Pétursdóttir, menntamálaráðuneyti, Björgvin R. Andersen, hugtakasafni Þýðingamiðstöðvar utanríkisráðuneytisins, Hróbjartur Árnason menntavísindasviði HÍ, Ólafur Grétar Kristjánsson, menntamálaráðuneyti auk starfsmanna Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Fljótlega var ákveðið að styðjast við lista CEDEFOP – starfsmenntastofnunar Evrópu yfir 100 helstu hugtök í menntun og þýða skilgreiningar sem þar eru og finna síðan rétt iðorð á íslensku. Verkefnið naut styrks frá menntamálaráðuneytinu til að ráða þýðanda til að snúa skilgreiningunum yfir á íslensku. Elísabet Gunnarsdóttir þýddi skilgreiningarnar í listanum og starfaði einnig með hugtakahópnum við að finna viðeigandi iðorð á íslensku. Verkefninu lauk í byrjun októbermánaðar og hefur listinn með íslenskum hugtökum og skilgreiningum verið sendur til menntamálaráðuneytisins.

Hugtakahópurinn hefur ekki alveg lokið störfum. Hópurinn ákvað að hittast aftur að ári til þess að fara yfir hvernig viðtökur iðorðin hafa fengið. Hafa þau verið tekin í almenna notkun og hefur verið fjallað á öðrum vettvangi? Þessari hugtakaumfjöllun þarf síðan að fylgja eftir með því að fá áhugasama til að tjá sig.

Hugtak á ensku:	Íslensk þýðing:	Merking / skilgreining:
competence	færni / hæfni	Getan til að beita lærdómi á viðunandi hátt í ákveðnu samhengi (menntun, starfi, einstaklingsþroska eða fagþróun). Athugasemd: Færni / hæfni á ekki aðeins við um vitsmunalega þætti (að beita kennisetningum, hugtökum eða almennri þekkingu); hún nær einnig til starfrænna sviða (sem fela í sér tæknileikni) og siðrænna gilda.
qualification	<p>hæfi</p> <p>a) formlegt hæfi</p> <p>b) starfskröfur</p>	<p>Hæfi vísar annars vegar til:</p> <p>a) formlegs hæfis, sem er formleg niðurstaða (skírteini, námstitill) mats og staðfestingar sem fæst með því að viðeigandi aðili segir fyrir um að einstaklingur hafi öðlast fullnægjandi lærdóm og/eða hafi til að bera nauðsynlega færni til að vinna verk á ákveðnu sviði. Hæfi veitir opinbera viðurkenningu á gildi lærdóms í atvinnulífinu og varðandi menntun. Hæfi getur veitt lögbundin réttindi til að stunda ákveðna atvinnugrein (OECD);</p> <p>og hins vegar</p> <p>b) starfskrafna, sem eru sú þekking og leikni sem krafist er til að leysa af hendi þau verk sem felast í ákveðnu starfi (ILO).</p>

Hugtak á ensku:	Íslensk þýðing:	Merking / skilgreining:
skills	leikni	Getan til að vinna verk og leysa verkefni.
learning outcome	lærdómur / náms- afrakstur	Sú þekking, leikni og/eða færni sem einstaklingur hefur áunnið sér og/eða er fær um að sýna fram á eftir að námi lýkur, hvort sem um er að ræða formlegt, óformlegt eða formlaust nám.
lifelong learning	ævinám	Allt það námsstarf sem fram fer á mannsævinni og stuðlar að því að auka þekkingu, verksvit, leikni, færni og/eða hæfi hvort sem er í einstaklingsbundnum, félagslegum eða faglegum tilgangi.
lifewide learning	ævibreytt nám	Nám, hvort heldur er formlegt, óformlegt eða formlaust sem nær til allra þátta lífsins (einstaklingsbundinna, félagslegra og faglegra) og allra æviskeiða.
accreditation of an education or training programme	vottun þjálfunar- eða námsleiðar	Gæðatryggingarferli þar sem löggjafarvaldið eða viðkomandi fagleg yfirvöld veita þjálfunar- eða námsleið vottaða stöðu sem sýnir að hún uppfylli fyrirframákveðin viðmið.
accreditation of an education or training provider	vottun þjálfunar- eða fræðsluaðila	Gæðatryggingarferli þar sem löggjafarvaldið eða viðkomandi fagleg yfirvöld veita þjálfunar- eða fræðsluaðila vottaða stöðu sem sýnir að hann uppfylli fyrirframákveðin viðmið.
recognition of learning outcomes	viðurkenning lærdóms formleg viðurkenning félagsleg viðurkenning	Aðferð til að skjalfesta leikni og færni annaðhvort með að: - gefa út skjal (skírteini eða námstítill); eða - jafngilda leikni og/eða færni, námseiningar eða undanþágur, staðfesta áunna leikni og/eða færni; og/eða viðurkenning fjárhagslegra og félagslegra hagsmunaaðila á gildi leikni og/eða færni.
validation of learning outcomes	staðfesting lærdóms / afraksturs náms	Staðfesting viðurkennds aðila á að lærdómur (þekking, leikni og/eða færni) sem einstaklingur hefur aflað sér í formlegu, óformlegu og formlausu námi hafi verið metinn miðað við fyrirframákveðna mælikvarða og sé í samræmi við kröfur um staðfestingarviðmið. Staðfesting leiðir yfirleitt til vottunar.
certification of learning outcomes	vottun lærdóms	Útgáfa skírteinis eða námstítills þar sem formlega er vottað að sá lærdómur (þekking, verksvit, leikni og/eða færni), sem einstaklingurinn hefur aflað sér, hafi verið metinn og vottaður samkvæmt fyrirframákveðnum viðmiðum og staðfestur af þar til bærum aðila.
EQF European qualification framework for lifelong learning	evrópski viðmiðaramm- inn fyrir ævinám	Viðmiðunarkerfi til að lýsa og bera saman hæfisstig í hæfiskerfum innan atvinnugeira, á landsvísu og á alþjóðavettvangi.
NQF National Qualifications Framework	íslenski viðmiðaramm- inn um menntun og prófgráður	Viðmiðarammi sem inniheldur þann fjölda hæfniprepa sem hentar Íslandi. Miðað er við að öll lokapróf í menntun landsins séu skilgreind á hæfniprep NQF-viðmiðarammans.